



## 8. þing Keilusambands Íslands

Föstudaginn 27. apríl 2001

Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

### Föstudagurinn 27. apríl 2001

- Þingforseti: Hafsteinn Pálsson  
stjórn KLÍ: Valgeir Guðbjartsson formaður  
Hörður Ingi Jóhannsson varaformaður var fjarverandi  
Sirrý Hrönn Haraldsdóttir gjaldkeri  
Sigríður Klemensdóttir ritari  
Björgvin Björgvinsson meðstjórnandi  
varastjórn: Jóna Alexandersdóttir var fjarverandi  
Gunnar Gunnarsson var fjarverandi  
Magnús Reynisson
- Þingfulltrúar ÍBR: Þórir Ingvarsson KFR  
Erla Ívarsdóttir KFR  
Helga Sigurðardóttir KFR  
Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir KFR  
Theódóra Ólafsdóttir KFR  
Sirrý Hrönn Haraldsdóttir KFR  
Haraldur Sigursteinsson KFR  
Valgeir Guðbjartsson KFR  
Magnús Reynisson KR
- Þingfulltrúar UMSK: Voru fjarverandi
- Þingfulltrúar ÍA: Guðmundur Sigurðsson ÍA  
Ólafur Ólafsson ÍA
- Þingfulltrúar ÍRB: Kjörbréf ekki lagt fram og enginn fulltrúi mættur.
- 1. Þingsetning**

Valgeir Guðbjartsson, formaður KLÍ, bauð þingfulltrúa velkomna, sérstaklega Hafstein Pálsson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ og setti fundinn kl. 18:08.
  - 2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins**

Þingforseti var kosinn Hafsteinn Pálsson, varaþingforseti Valgeir Guðbjartsson. Ritarar voru kjörnir Erla Ívarsdóttir og Sigríður Klemensdóttir. Hafsteinn þakkaði traustið sem honum var sýnt og tók við fundarstjórn. Engar athugasemdir komu fram við boðun þingsins.
  - 3. Kosnar fastanefndir**
    - a) *Kjörbréfanefnd:* Haraldur Sigursteinsson, Helga Sigurðardóttir og Theódóra Ólafsdóttir.
    - b) *Fjárhagsnefnd:* Sigríður Klemensdóttir, Helga Sigurðardóttir, Sirrý Hrönn Haraldsdóttir.
    - c) *Laga- og leikreglnanefnd:* Þórir Ingvarsson, Magnús Reynisson og Björgvin Björgvinsson.
    - d) *Allsherjarnefnd:* Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir, Erla Ívarsdóttir og Guðmundur Sigurðsson.
    - e) *Kjörnefnd:* Ásgrímur Helgi Einarsson, Haraldur Sigursteinsson og Ólafur Ólafsson.

Kjörbréfanefnd tók strax til starfa
  - 4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína**

Valgeir Guðbjartsson flutti skýrslu formanns og fór í gegnum helstu atriði í Ársskýrslu KLÍ.

**5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.**

Sirry Hrönn Haraldsdóttir gjaldkeri KLÍ lagði fram endurskoðaða reikninga sambandsins. Velta sambandsins var um 6,2 milljónir króna á árinu og var það rekið með 110 þúsund króna hagnaði. Skuldlaus eign sambandsins var um 1,3 milljónir króna um áramót.

Strax á eftir gerði **kjörbréfanefnd** grein fyrir störfum sínum. Haraldur Sigursteinsson formaður nefndarinnar sagði að borist hefðu 3 kjörbréf, frá ÍBR, UMSK og ÍA. Ekkert kjörbréf hafði borist frá ÍRB. Enginn var mættur fyrir UMSK, en þeir áttu rétt á tveim fulltrúum. Tveir þingfulltrúar voru frá ÍA. Frá ÍBR voru mættir 9 fulltrúar af 10. Átta af fulltrúum ÍBR voru frá KFR, þar af þrír varamenn, en á kjörbréfi var enginn fulltrúi frá ÍR og Fylki. Annar fulltrúi af tveimur var mættur frá KR. Kjörbréfin voru *samþykkt samhljóða*.

Í umræðum um skýrslu stjórnar og ársreikninga keilusambandsins bar Ásgrímur Helgi Einarsson fram fyrirspurn varðandi aðrar skammtímakröfur á og óinnheimtar tekjur frá félögum.

Sirry Hrönn gjaldkeri svaraði þessum fyrirspurnum og fór yfir stöðu félaganna í dag, hverjir væru búnir að gera upp og hverjir ekki.

Að þessu loknu var skýrslan og reikningar borin undir atkvæði og voru þau *samþykkt samhljóða*.

**6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár**

Sirry Hrönn Haraldsdóttir gjaldkeri lagði fram fjárhagsáætlun fyrir 2002 ásamt endurmetinni fjárhagsáætlun fyrir 2001 (sjá þingskjal 1). Í máli gjaldkerans kom m.a. fram að gert er ráð fyrir lækkun á söfnunum og styrkjum vegna ferða á áætlun 2002, sem þýðir minni tekjur til sambandsins. Svo bætist við 700 þús.kr. áætluð gjöld fyrir Heimsmeistaramót unglinga árið 2002. Í umræðum um fjárhagsáætlunina spurði Guðmundur Sigurðsson hvort ekki væri ráðlegt að hækka útgjöld til útgáfu og kynningarmála. Fjárhagsáætluninni var vísað til fjárhagsnefndar til yfirferðar.

**7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar sem fram hafa komið**

Hafsteinn þingforseti lagði það til að vísa án umræðu öllum breytingum á lögum og reglugerðum til Laga- og leikreglnanefndar og var það *samþykkt samhljóða*.

**8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar**

Engin önnur mál eða tillögur lágu fyrir fundinum, þannig að þingforseti kannaði hug fundarmanna til að halda áfram þingstörfum eftir 30 mínútur í stað þess að fresta fundi til morguns. Það var *samþykkt samhljóða*.

Hafsteinn Pálsson þingforseti tilkynnti þá um samlokuveitingar í boði sambandsins og boðaði 30 mínútna hlé fyrir nefndir til að ræða saman.

## ÞINGHLÉ

20:20 var fundur settur aftur.

## 9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

- a) Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir kom upp í ræðustól fyrir hönd allsherjarnefndar. Ein tillaga kom fram úr nefnd og hljóðar hún svo:  
*Tillaga til stjórnar KLÍ:*  
Sett verði á laggirnar vinnuhópur til að finna leið til eflingar keilunnar og fjölgun á keppniskeilurum. Athugað verði með breytingar á mótafyrirkomulagi og fleira í þeim dúr. Þetta var lagt fram og var það **samþykkt samhljóða**.
- b) Laga- og leikreglanefnd lagði fram nokkrar breytingartillögur og voru þær afgreiddar þannig að Þórir Ingvarsson, formaður nefndarinnar, las upp eina tillögu í einu, þær voru ræddar og bornar undir atkvæði, með breytingum ef svo bar undir, áður en næsta tillaga var tekin fyrir. Síðan bar þingforseti alla reglugerðina með breytingum undir atkvæði.

## I. REGLUGERÐ KLÍ UM BIKARKEPPNI LIÐA

Viðbót við 8. gr. – Sjá þingskjal 2

*„Ef frestun er vegna farsóttta eða alvarlegra veikinda skal frestun ákveðin og tilkynnt með a.m.k. 6 klst. fyrirvara.*

Theódóra Ólafsdóttir bar fram breytingartillögu um að sleppa orðinu „farsóttir“ og að endingu var orðinu „alvarlegra“ felld líka út og var breytingartillagan **samþykkt með þorra atkvæða**. Einnig þurfti þá að samræma 2. lið í 8. grein við þessa breytingu og var það **samþykkt samhlj.**

Greinin hljóðar því þannig:

8. gr.

*„Óski lið eftir frestun á viðureign í Bikarkeppni liða skal skrifleg beiðni þar um send formanni mótanefndar í ábyrgð eða skeyti með minnst 7 sólarhringa fyrirvara, nema veigamiklar ástæður liggi fyrir frestunardeiðinni.*

*Veigamiklar ástæður eru:*

1. Samgönguferfiðleikar vegna veðurs
2. Veikindi.
3. Leikmaður/leikmenn eru fjarverandi á vegum KLÍ.

*Mótanefnd úrskurðar um fresti án tafar og tilkynnir fyrirliðum viðkomandi liða, svo og öðrum þeim sem málið kann að varða, minnst 4 sólarhringum fyrir viðureignina í ábyrgð eða skeyti. Mótanefnd ákveður svo hvenær leika skuli frestuðu viðureignina, tilnefnir dómara og tilkynnir viðkomandi liðum.*

*Ef frestun er vegna veikinda skal hún ákveðin og tilkynnt með a.m.k. 6 klst. fyrirvara.*

**Greinin samþykkt með þorra atkvæða.**

Ný grein, 11. gr. Sjá þingskjal 7

*„Kærufrestur í bikarkeppni liða er 7 dagar.“*

**Greinin samþykkt samhljóða..**

Þá færast greinar sem á eftir koma upp sem því nemur.

Breytingartillaga á 7. grein var lögð fram – (sjá þingskjal 11 – Nýtt þingskjal)

Greinin hljóðar þannig:

*„Ef löglega skipað lið er ekki mætt til keppni við lok upphitunar skal leikurinn úrskurðaður því liði tapaður. Sekta skal það lið, sem ekki mætir, um a.m.k. það sem nemur tvöfaldri brautarleigunni.“*

**Greinin samþykkt samhljóða..**

**Reglugerðin samþykkt með þorra atkvæða.**

## II. REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT LIÐA

### Viðbót við 6. gr. Stigagjöf. – Sjá þingskjal 3

„Ef lið er ekki mætt til keppni 10 mínútum eftir auglýstan tíma skal leikurinn úrskurðaður tapaður 8:0 og það lið sem mætir skal ekki spila til að fá stigin. Sekta skal það lið sem ekki mætir um a.m.k. það sem nemur tvöfaldri brautarleigunni.

Þessari viðbót var breytt og samræmd þingskjali 11.

Greinin hljóðar því þannig:

#### 6. grein – Stigagjöf

Hver viðureign skal vera þrjú leikir. Fyrir hærra samanlagt skor liðsmanna í hverjum leik fyrir sig fær lið tvö stig og fyrir hærra heildarskor eftir leikina þrjú fær lið tvö stig. Fyrir jafntefli í einum leik eða jafnt heildarskor fær hvort lið eitt stig.

Ef löglega skipað lið er ekki mætt til keppni við lok upphitunar skal leikurinn úrskurðaður því liði tapaður og það lið sem mætir skal ekki spila til að fá stigin. Sekta skal það lið sem ekki mætir um a.m.k. það sem nemur tvöfaldri brautarleigunni.

**Samþykkt samhljóða.**

### Viðbót við 8. grein. Frestun viðureigna. – Sjá þingskjal 3.

„Ef frestun er vegna farsóttá eða alvarlegra veikinda skal frestun ákveðin og tilkynnt með a.m.k. 6 klst. fyrirvara.“

Þessi grein breytist í samræmi við þingskjal 2 og hljóðar svo:

#### 8. grein – Frestun viðureigna

„Óski lið eftir frestun á viðureign í Íslandsmóti liða skal skrifleg beiðni þar um send formanni mótanefndar með minnst 7 sólarhringa fyrirvara, nema veigamiklar ástæður liggi fyrir frestunardeildinni.

Veigamiklar ástæður eru:

4. Samgönguferfiðleikar vegna veðurs

5. Veikindi.

6. Leikmaður/leikmenn eru fjarverandi á vegum KLÍ.

Mótanefnd úrskurðar um fresti án tafar og tilkynnir fyrirliðum viðkomandi liða, svo og öðrum þeim sem málið kann að varða, minnst 4 sólarhringum fyrir viðureignina. Mótanefnd ákveður svo hvenær leika skuli frestuðu viðureignina, tilnefnir dómara og tilkynnir viðkomandi liðum. Lið það sem sækir um frestunina ber allan aukakostnað af frestuninni. Leitast skal við að frestaði leikurinn sé leikinn fyrir næstu umferð.

Ef frestun er vegna veikinda skal hún ákveðin og tilkynnt með a.m.k. 6 klst. fyrirvara.“

**Greinin samþykkt með þorra atkvæða.**

### Viðbót við 14. grein. Fjarveruskor. – Sjá þingskjal 3.

„Í efstu deild karla er liði einungis heimilt að nota fjarveruskor í þremur umferðum.“

Ásgrímur Helgi Einarsson lagði fram þá breytingartillögu að þar sem stæði „í þremur umferðum“ yrði breytt í „tveimur umferðum“. Sú breytingartillaga var felld og þá var tillagan lögð fram óbreytt úr nefnd og var hún **samþykkt samhljóða**.

Greinin hljóðar því þannig:

#### 14. grein – Fjarveruskor

Fjarveruskor skal veitt því liði sem leikur með aðeins þrjú menn. Lið má ekki hefja leik með færri en þrjú leikmenn. Ef leikmaður yfirgefur leik, skal fjarveruskor gilda út viðureignina, þ.e. hann fær 10% af fjarveruskori viðkomandi deildar fyrir hvern þann ramma sem eftir er, nema varamaður komi inn á í hans stað í næsta leik. Seinir leikmenn fá 0 fyrir hvern þann ramma sem þeir missa af, samanber Reglu 133 í Almennum keppnisreglum KLÍ.

1. deild karla: 140 stig
2. deild karla: 130 stig
3. deild karla: 120 stig
4. deild karla: 110 stig

1. deild kvenna: 130 stig
2. deild kvenna: 110 stig

*Leikir sem samanstanda að hluta til eða alveg af fjarveruskori verða ekki teknir með við útreikning á meðalskori. Í efstu deild karla er liði einungis heimilt að nota fjarveruskor í þremur umferðum.“*

**Greinin samþykkt samhljóða.**

Viðbót við 15. grein. Réttur til verðlauna. – Sjá þingskjal 3

„Eftirtalin verðlaun eru veitt í deildarkeppni:

1. 1., 2. og 3. sæti liða
2. Hæsti leikur, hæsta sería og hæsta meðaltal einstaklings
3. Hæsti leikur, hæsta sería og hæsta meðaltal liðs.
4. Deildarmeistari – ef við á.
5. Stjörnuskjöldur – fyrir flestar stjórnur liðs að meðaltali.
6. Felluverðlaun – fyrir flestar fellur einstaklings að meðaltali.
7. Framfaraverðlaun í hverri deild – sá einstaklingur sem tekur mestum framförum á milli ára.
8. Deildarkeilarar karla og kvenna – kosnir af keilurum, mótanefnd sér um framkvæmd.

Sú breyting kom frá nefnd að bæta aftan við í 7. lið: „Leikjafjöldi fyrra árs sé a.m.k. 21.“

Einnig kom fram sú breyting að bæta inn í 7. liðinn „(hækkun meðaltals)“ og hafa það innan sviga og voru báðar tillögurnar **samþykktar samhljóða.**

Greinin hljóðar því þannig:

15. grein – Réttur til verðlauna.

„Til að eiga kost á einstaklingsverðlaunum, þarf leikmaður að hafa lokið í það minnsta 21 leik í viðkomandi deild og þá eru úrslitakeppni og úrslitaleikir ekki taldir með.

Ef leikmaður hefur leikið í tveimur deildum, getur hann einungis unnið til verðlauna í þeirri deild sem hann hefur leikið fleiri leiki í. Ef um jafnmarga leiki er að ræða, skal hærri deildin gilda. Rétt til verðlauna, sem lið í heild vinnur til, hafa sjö leikjahæstu liðsmenn þess.

Til að skera úr um ef tveir eða fleiri leikmenn/lið eru í sama verðlaunasæti, skulu viðkomandi leika einn leik. Sé um verðlaun fyrir meðaltal að ræða skulu leiknir þrír leikir.

Sé jafnt eftir úrslitaleik skulu leiknir 9. og 10. rammi þar til úrslit fást.

Skor sem nást í úrslitaleikjum eru ekki tekin með við útreikning á meðaltali né reiknuð með á lista yfir hæstu skor í leik eða seríu í mótinu.

Séu lið jöfn að stigum eftir að keppni lýkur, skal hærra pinnafall ráða.

Eftirtalin verðlaun eru veitt í deildarkeppni:

1. 1., 2. og 3. sæti liða
2. Hæsti leikur, hæsta sería og hæsta meðaltal einstaklings
3. Hæsti leikur, hæsta sería og hæsta meðaltal liðs.
4. Deildarmeistari – ef við á.
5. Stjörnuskjöldur – fyrir flestar stjórnur liðs að meðaltali.
6. Felluverðlaun – fyrir flestar fellur einstaklings að meðaltali.
7. Framfaraverðlaun í hverri deild – sá einstaklingur sem tekur mestum framförum (hækkun meðaltals) á milli ára. Leikjafjöldi fyrra árs sé a.m.k. 21
8. Deildarkeilarar karla og kvenna – kosnir af keilurum, mótanefnd sér um framkvæmd“

**Greinin samþykkt samhljóða.**

Ný grein 17. grein. Kærufrestur. – Sjá þingskjal 8.

„Kærufrestur í Íslandsmóti liða er 7 dagar.“

**Greinin samþykkt samhljóða.**

**Reglugerðin samþykkt með þorra atkvæða gegn tveimur.**

### III. REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT UNGLINGA

4. grein hljóði svo: – Sjá þingskjal 4

„*Samhliða aldursflokkaskiptingunni skal keppt í opnum flokki. Til úrslita í opnum flokki keppa þrír meðaltalshæstu piltarnir og þrjár meðaltalshæstu stúlkurnar að lokinni forkeppninni (18 leikir og 12 leikir). Keppt er til úrslita sbr. 3. gr. og hlýtur sigurvegarinn í hvorum flokki titilinn „Íslandsmeistari unglinga í opnum flokki“.*

**Greinin samþykkt samhljóða.**

**Reglugerðin samþykkt samhljóða.**

### IV. REGLA KLÍ UM MEISTARAKEPPNI UNGMENNA

Viðbót við 4. grein – Sjá þingskjal 10

„*Leikmaður safnar stigum og eftir að allar umferðirnar hafa verið leiknar hlýtur stigahæsti leikmaðurinn í 1. flokki pilta, sem leikið hefur a.m.k. tvær umferðir, nafnbótina „Meistari ungmenna í 1. flokki pilta“ og sama gerist í öllum flokkum pilta og stúlkna. Ef tveir eða fleiri eru jafnháir að stigum er raðað eftir meðaltali leikmanns í mótinu.“*

Sú breytingartillaga kom fram að breyta „a.m.k. tvær umferðir“ í „a.m.k. helming umferða“ og var það **samþykkt samhljóða.**

Greinin hljóðar því þannig:

4. grein.

„*Raðað er í sæti eftir heildarskori í hverjum flokki. Stig eru gefin fyrir 10. efstu sætin í hvert skipti. Stigagjöf er eftirfarandi:*

1. sæti hlýtur	12 stig	6. sæti hlýtur	5 stig
2. sæti hlýtur	10 stig	7. sæti hlýtur	4 stig
3. sæti hlýtur	8 stig	8. sæti hlýtur	3 stig
4. sæti hlýtur	7 stig	9. sæti hlýtur	2 stig
5. sæti hlýtur	6 stig	10. sæti hlýtur	1 stig

*Verðlaun verða veitt fyrir 1., 2. og 3. sætið í hvert sinn. Ef tveir eða fleiri eru jafnháir að pinnafalli skal leikinn bráðabani, 9. og 10. rammi.*

„*Leikmaður safnar stigum og eftir að allar umferðirnar hafa verið leiknar hlýtur stigahæsti leikmaðurinn í 1. flokki pilta, sem leikið hefur a.m.k. helming umferða, nafnbótina „Meistari ungmenna í 1. flokki pilta“ og sama gerist í öllum flokkum pilta og stúlkna. Ef tveir eða fleiri eru jafnháir að stigum er raðað eftir meðaltali leikmanns í mótinu.“*

**Greinin samþykkt samhljóða.**

**Reglugerðin samþykkt samhljóða.**

### V. REGLUGERÐ KLÍ UM KEILUMÓT

Viðbót við 6. grein – Sjá þingskjal 6

„*Stjórn KLÍ getur afturkallað keppnisheimild einstaklings/liðs/félags vegna vangoldinna skulda við KLÍ.“*

Greinin hljóðar því þannig:

6. grein.

„*Ef lið eða félag notar leikmann sem hefur ekki leikheimild með félagi og/eða liði, skal umrædd viðureign dæmd því félagi/liði töpuð. Stjórn KLÍ getur afturkallað keppnisheimild einstaklings/liðs/félags vegna vangoldinna skulda við KLÍ.“*

**Greinin samþykkt samhljóða.**

8. grein hljóði svo: – Sjá þingskjal 6.

„*Dómstóll ÍSÍ fjallar um kærumál.“*

**Greinin samþykkt samhljóða.**

**Reglugerðin samþykkt samhljóða.**

## VI. REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA

Lagðar fram breytingartillögur við 7. og 8. grein. – Sjá þingskjal 9a og 9b.

1. gr. Óbreytt
2. gr. Óbreytt
3. gr. Óbreytt
4. gr. Óbreytt
5. gr. Óbreytt
6. gr. Óbreytt

### 7. gr. „**Einstaklingskeppni án forgjafar**

**Forkeppni:** Allir keppendur leika 16 leiki, 8 leiki í senn. Skorið úr forkeppninni fylgir í milliriðil.

**Milliriðill karla:** 20 efstu keppendurnir spila 6 leiki, 10 efstu komast í undanúrslit og fylgir skorið úr forkeppninni og milliriðlinum

**Milliriðill kvenna:** 12 efstu keppendurnir spila 6 leiki, 6 efstu komast í undanúrslit og fylgir skorið úr forkeppninni og milliriðlinum

**Undanúrslit:** Allir keppa við alla, einfalda umferð. Að lokinni umferðinni skal spiluð stöðuumferð, spilaður skal einn leikur og fylgir allt skor úr mótinu.

Sæti 1 við sæti 2,  
sæti 3 við sæti 4,  
sæti 5 við sæti 6,  
sæti 7 við sæti 8,  
sæti 9 við sæti 10.

Á stigin fyrir leikina bætast bónusstig þannig:

Fyrir sigur í leik fást	20 bónusstig,
fyrir jafntefli í leik fást	10 bónusstig,
fyrir 200 – 249 leik fást	5 bónusstig,
fyrir 250 – 300 leik fást	10 bónusstig..

Að loknum þessum leikjum fara 3 efstu keppendurnir í úrslit.

**Úrslit:** Spiluð eru úrslit 3 – 2 – 1 – 1 og skal úrslitaleikurinn vera tvöfaldur. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga.“

**Greinin samþykkt samhljóða.**

### 8. gr. „**Einstaklingskeppni með forgjöf**

**Forkeppni:** Allir keppendur leika 12 leiki, 6 leiki í senn. Skorið úr forkeppni fylgir í milliriðil.

**Milliriðill karla:** 20 efstu keppendurnir spila 6 leiki, 10 efstu keppendurnir komast í undanúrslit og fylgir skorið úr forkeppninni og milliriðlinum.

**Milliriðill kvenna:** 12 efstu keppendurnir spila 6 leiki, 6 efstu keppendurnir komast í undanúrslit og fylgir skorið úr forkeppninni og milliriðlinum.

Undanúrslit: Allir keppa við alla, einfalda umferð. Að lokinni umferðinni skal spiluð stöðuumferð, spilaður skal einn leikur og fylgir allt skor úr mótinu.

Sæti 1 við sæti 2,  
sæti 3 við sæti 4,  
sæti 5 við sæti 6,  
sæti 7 við sæti 8,  
sæti 9 við sæti 10.

Á stigin fyrir leikina bætast bónusstig þannig:

Fyrir sigur í leik fást	20 bónusstig,
fyrir jafntefli í leik fást	10 bónusstig,
fyrir 200 – 249 leik fást	5 bónusstig,
fyrir 250 – 300 leik fást	10 bónusstig..

Að loknum þessum leikjum fara 3 efstu keppendurnir í úrslit.

Úrslit: Spiluð eru úrslit 3 – 2 – 1 – 1 og skal úrslitaleikurinn vera tvöfaldur. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga með forgjöf.

9. gr. Óbreytt “

***Greinin samþykkt samhljóða.***

***Reglugerðin í heild samþykkt samhljóða.***

## VII. LÖG KEILUSAMBANDS ÍSLANDS, sjá þingskjal 5.

8. greinin breytist þannig að 13. liður 8. greinar um störf ársþings, „13. Kosnir þrjú menn í dómstól og 3 til vara.“, er felldur út og færast númer annarra liða til samræmis við það.

***Greinin samþykkt samhljóða.***

***Lög Keilusambands Íslands eru samþykkt samhljóða.***

c) Fyrir hönd fjárhagsnefndar kom Sigríður Klemensdóttir. Nefndin lagði fram endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir starfsárin 2001 og 2002, sjá þingskjal 1. Gerði hún athugasemdir við endurmat á fjárhagsáætlun KLÍ fyrir árið 2001 og hækkaði safnanir og styrki vegna ferða tekjumegin og gjaldamegin hækkaði kostnað vegna útgáfu, útbreiðslu og kynningarstarfs. Eftir þessar breytingar var fjárhagsáætlunin ***samþykkt samhljóða.***

## 10. Önnur mál

Hafsteinn Pálsson flutti þinginu kveðjur frá forseta ÍSÍ, framkvæmdastjórn og starfsfólki. Miklar breytingar hafa verið gerðar á sviðsstjórn ÍSÍ og dómstólakerfinu hefur verið breytt. Nú er lögð mikil áhersla á almennar íþróttir og umhverfismál í sambandi við íþróttir. Keilan þyrfti að setja sér stefnu í umhverfismálum og ætti stjórnin að taka það að sér. Myndi það leggjast vel í velunnara íþrótt.

Einnig þyrfti að koma keilu að sem almenningsíþrótt.

Að lokum spurði Hafsteinn um það, hvenær sé eðlilegt að vísa laga- og reglugerðarbreytingar til stjórnar KLÍ og treysta þeim til að vinna úr þeim.



Þórir Ingvarsson spurðist fyrir um tryggingarmál keppniskeilara – ÍSVÁ.

Theódóra Ólafsdóttir spurði um dómaramálin, hvort að KLÍ ætti að rukka fyrir dómgæslu um leið og þátttökugjöldin yrðu rukkuð inn.

Ásgrímur Helgi Einarsson talaði um að Öskjuhlíðin væri ekki tilbúin að láta besta tíma kvöldsins til keppniskeilarana.

Ekki voru rædd önnur mál undir þessum dagskrárlið.

#### **11. Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á Íþróttabing ÍSÍ**

Ásgrímur Helgi Einarsson forsvarismaður kjörnefndar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

*Úr stjórn KLÍ gengu:* Valgeir Guðbjartsson, Hörður Ingi Jóhannsson og Sirrý Hrönn Haraldsdóttir

*Úr varastjórn gengu:* Jóna Alexandersdóttir, Magnús Reynisson og Gunnar Gunnarsson.

Nefndin lagði fram tillögu um Valgeir Guðbjartsson sem formann Keilusambandsins, Hörð Inga Jóhannsson og Erlu Ívarsdóttur sem stjórnarmenn til tveggja ára í aðalstjórn KLÍ. Ekki komu aðrar tillögur fram og voru þau **samþykkt samhljóða**.

Jóna Alexandersdóttir og Gunnar Gunnarsson gáfu ekki kost á sér aftur í varastjórn KLÍ. Nefndin kom með tillögu um Ásgrím Helga Einarsson og Theódóru Ólafsdóttur. Engar aðrar tillögur bárust um varamenn í stjórn og voru þau **samþykkt samhljóða**.

Tillaga kom fram að vísa til stjórnar KLÍ að skipa fulltrúa á Íþróttabing ÍSÍ og var það **samþykkt samhljóða**.

#### **12. Kosnir 2 skoðunarmenn reikninga og tveir til vara**

Nefndin lagði til að skoðunarmenn og tveir til vara væru þeir sömu og áður, þ.e. Guðni Gústafsson og Pétur Haukur Helgason. Varamenn voru valin þau Sirrý Hrönn Haraldsdóttir og Hjalti Ástbjartsson. Engar aðrar tillögur bárust og voru þau **samþykkt samhljóða**.

#### **13. (Kosnir þrír menn í dómstól og 2 til vara)**

Lagt var til að fyrrum dómstóll KLÍ starfaði áfram þar til Dómstóll ÍSÍ tæki til starfa. Var það **samþykkt samhljóða**.

#### **14. Þingfundargerðir lesnar og samþykktar.**

Samþykkt var að fela stjórninni að lesa yfir og samþykkja þingfundargerðir. Þingforseti lagði til að þingriturum og stjórn KLÍ verði falið að ganga frá fundargerð og senda aðildarfélögum og fundarmönnum.

#### **15. Þingslit.**

Að þessu loknu sleit Hafsteinn Pálsson þingforseti fundinum kl. 21:45.

Reykjavík, maí 2001

Sigríður Klemensdóttir  
Þingritari

Erla Ívarsdóttir  
Þingritari